



26. apríl 2022
Tilv.: 2204059

Alþingi
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skilameðferð lána- stofnana og verðbréfafyrirtækja og lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, mál 531.

Seðlabanki Íslands vísar til tölvubrúfs frá efnahags- og viðskiptanefnd, dags. 8. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn bankans um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skilameðferð lána- stofnana og verðbréfafyrirtækja og lögum um inn- stæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (fjármögnun skilasjóðs, iðgjöld og fyrirkomulag Tryggingasjóðs vegna fjármálafyrirtækja). Frumvarpinu er ætlað að ljúka innleiðingu tilskipunar 2014/59/ESB (BRRD) í íslenskan rétt. Meginefni þess varðar annars vegar fjármögnun skilasjóðs og hins vegar breytingar á iðgjöldum og starfsemi og fyrirkomulagi Tryggingarsjóðs innstæðueiganda og fjárfesta (TIF). Seðlabankinn styður framgang frumvarpsins en telur ástæðu til að koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði reglugerða (ESB) 2015/63 og 2016/1434 skuli hafa lagagildi hér á landi. Í reglugerðunum er að finna tilvísanir til hugtaka og einstakra greina í BRRD og annarra Evrópugerða sem teknar hafa verið upp í íslenskan rétt. Í athugasemdum við ákvæðið koma fram skýringar á nánar tilteknum tilvísunum í reglugerðunum. Að mati Seðlabankans er nauðsynlegt að þessar skýringar séu settar fram í lögnum sjálfum en ekki eingöngu í greinargerð með frumvarpi laganna eins og lagt er til í frumvarpinu. Sú leið, að setja slíkar vísanir fram í ákvæðum laga, var t.d. farin í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, sbr. 3. gr. laganna þar sem fram koma skýringar á vísunum tiltekinnu reglugerða til annarra Evrópugerða. Auk þess hafa nú verið lögð fram tvö frumvörp á Alþingi þar sem lagt er til að ákvæði laganna kveði á um skýringar á tilvísunum í reglugerðum, þ.e. frumvarp til laga um evrópska áhættufjármagnssjóði og evrópska félagslega framtakssjóði, 244. mál, og frumvarp til laga um peningamarkaðssjóði, 570. mál. Slíkt fyrirkomulag er aðgengilegra og skýrara að mati Seðlabankans og þar af leiðandi til þess fallið að auka réttaröryggi. Seðlabankinn telur því ekki ástæðu til að víkja frá framangreindri framkvæmd í frumvarpi þessu og telur

mikilvægt að þær skýringar sem fram koma í athugasemdum við ákvæðið verði jafnframt settar fram í nýrri 2. gr. a laganna.

Í 14. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 4. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta sem fjallar um stjórn og framkvæmdastjóra TIF, sem í frumvarpinu er lagt til að muni bera heitið Tryggingarsjóður vegna fjármálafyrirtækja. Lagt er til að stjórnarmönnum sjóðsins verði fækkað úr sex í fjóra, þ.e. einn skipaður samkvæmt tilnefningu frá Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF), einn samkvæmt tilnefningu frá Seðlabankanum og tveir af ráðherra án tilnefningar. Í athugasemdum við ákvæðið kemur fram að það fyrirkomulag sem nú er við lýði á stjórn TIF þyki ekki heppilegt fyrir stjórn skilasjóðs. Seðlabankinn tekur undir þau sjónarmið, enda kann slíkt fyrirkomulag að skapa hættu á hagsmunaárekstrum. Sú tillaga að einn stjórnarmaður verði skipaður samkvæmt tilnefningu SFF er að mati Seðlabankans til þess fallið að koma til móts við framangreint en útilokar þó ekki hagsmunaárekstra. Þess má geta að fyrirkomulag þar sem fjármálafyrirtæki velja stjórnarmenn í stjórn skilasjóðs á sér ekki hliðstæðu í ríkjum sem við berum okkur gjarnan saman við, svo sem á Norðurlöndum og á Írlandi.

Mikilvægt er að gera greinarmun á hlutverki innstæðutryggingasjóðs og skilasjóðs. Innstæðutryggingasjóði er ætlað að greiða hugsanlegt tjón eftir fall lánastofnunar ef ákveðin skilyrði eru fyrir hendi. Skilasjóður á aftur á móti að greiða fyrir skilameðferðir lánastofnana sem eru á fallandi fæti. Skilavald, í samstarfi við ráðherra, þarf að ákveða og gera upp á milli valkosta við skilameðferð þegar lánastofnun er á fallanda fæti. Við þá ákvarðanatöku þarf að vinna með viðkvæmar trúnaðarupplýsingar. Eins og stjórn sjóðsins yrði skipuð samkvæmt frumvarpinu gæti átt sæti í stjórn fulltrúi lánastofnunar á fallanda fæti eða samkeppnisaðila hennar, þ.e. sem tilnefndur væri af SFF. Í gegnum almennt eftirlitshlutverk stjórnar varðandi ávöxtun fjármuna skilasjóðs er ekki útilokað að stjórnin fái beinar upplýsingar, eða verði áskynja, um hvort og hvernig skilameðferð verði beitt, t.a.m. vegna aðgangs að upplýsingum um lántöku sjóðsins eða fyrirhugaðar útgreiðslur úr skilasjóði.

Til að takmarka frekar áhrif af hagsmunaárekstrum leggur Seðlabankinn til að í 4. gr. laganna verði kveðið á um að SFF geti ekki tilnefnt einstakling í stjórn sem er starfsmaður fjármálafyrirtækis, situr í stjórn fjármálafyrirtækis eða sinnir öðrum trúnaðarstörfum fyrir fjármálafyrirtæki. Lagt er til að b-liður 14. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

„Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu frá Samtökum fjármálafyrirtækja, einn samkvæmt tilnefningu frá Seðlabanka Íslands og tveir af ráðherra án tilnefningar. Stjórnarmanni sem skipaður er samkvæmt tilnefningu frá Samtökum fjármálafyrirtækja

er óheimilt að starfa hjá fjármálafyrirtæki eða sitja í stjórn fjármálafyrirtækis eða sinna öðrum trúnaðarstörfum fyrir fjármálafyrirtæki.“

Verði ekki fallist á framangreinda tillögu leggur Seðlabankinn til að stjórninni verði gert að fjalla um framkvæmd starfa sinna í starfsreglum, sem miði meðal annars að því að takmarka hættuna á að hagsmunaárekstrar eigi sér stað. Til vara er því lagt til að við 14. gr. frumvarpsins bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

„Stjórn sjóðsins skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.“

Þannig mætti til dæmis takmarka áhrif af hagsmunaárekstrum með því að kveða á um það í starfsreglum að stjórnarmaður sem skipaður er af SFF skuli víkja af fundi þar sem rædd eru málefni í tengslum við skilameðferð.

Að lokum bendir Seðlabankinn á að gera þarf breytingu á 13. gr. frumvarpsins þannig að kveðið sé á um lánastofnanir. Lagt er til að í stað orðanna: „Viðskiptabankar, sparisjóðir“ í a-lið ákvæðisins komi: orðið „Lánastofnanir“.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Jónúsdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra

Flóki Halldórsson
forstöðumaður
fjármálastöðugleiki